



FUNDARGERÐ

**246. fundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs
haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , mánudaginn 7. apríl 2025
og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Eggert Valur Guðmundsson, Nanna Jónsdóttir, Tómas Birgir Magnússon var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Anton Kári Halldórsson, Valtýr Valtýsson og Jón G. Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Fundinn situr Víðir Reyр Þórsson, framkvæmdastjóri SOR.

Dagskrá:

1. Ýmsar upplýsingar úr daglegum rekstri - 2502036

Víðir Reyр Þórsson nýráðinn framkvæmdastjóri SOR mætti á sinn fyrsta fund og fór yfir rekstrarmál sem tengast SOR.

Stjórn býður Víði velkomin til starfa

2. Starfslýsingar Sorpstöð Rang. - Endurskoðun - 2502029

Á fundinn mætir Ragnhildur Ragnarsdóttir frá Rögn ráðgjöf og fer yfir drög að skipuriti SOR, starfslýsingunni og fleiri upplýsingar sem tengist starfssemi SOR. Stjórn samþykkir nýtt skipurit fyrir starfssemi SOR.

Stjórn felur formanni í samráði við framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

Samþykkt samhljóða.

3. Samþykktir Sorpstöð Rang. - Endurskoðun - 2402056

Á fundinn mætir Steinunn Erla Kolbeinsdóttir frá Lögmönnum Suðurlandi í fjarfundi og fer yfir tillögur og hugmyndir um breytingar á samþykktum SOR.

Stjórn leggur til að Steinun skili endanlegri tillögu að breytingum á samþykktum SOR í samræmi við umræður á fundinum fyrir næsta stjórnarfund.

Samþykkt samhljóða.

4. Ársreikningur 2024 - 2503082

Klara Viðarsdóttir, fjármálastjóri fór yfir ársreikning Sorpstöðvarinnar. Samkvæmt ársreikningi gekk reksturinn ágætlega á árinu 2024. Tekjur voru hærri m.a. vegna aukningu á mótteknu úrgangsmagni og greiddri flutningsjöfnun frá Úrvinnslusjóði. Tekjumar námu 317,5 m.kr. og gjöldin 245,3 m.kr. Afkoman var jákvæð eftir

fjármagnsliði um 49,5 m.kr. Eigið fé í árslok nam 185,8 m.kr.

Ársreikningur samþykktur og áritaður af stjórn.

5. Sorpbrennslustöð - Sorporka ehf. - 2312018

Lögð fram til kynningar drög að þjónustusamningi, útboðsskilmálum og auglýsingu í tengslum við viljayfirlýsingu Sorstöðvarinnar og Sorporku ehf.

Málinu frestað til næsta fundar stjórnar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:35.



Eggert Valur Guðmundsson



Nanna Jónsdóttir



Anton Kári Halldórsson

